

## LÖG

### um breytingu á lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, með síðari breytingum (stofnstyrkir, frádráttarákvæði).

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „átta ára“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: tólf ára.
- b. Lokamálsliður 1. mgr. fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 29. júní 2012.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Oddný G. Harðardóttir.*